



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2002
Tilvísun : 2002020021

Barnaverndarstofu hefur borist beiðni heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis um að gefa umsögn sína um tillögu til þingsályktunar um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál á 127. löggjafarþingi 2001-2002. Í tillögunni felst að ríkisstjórninni verði falið að setja á laggir nefnd sem hafi það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefna meðferðar, þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri slíkra heimila. Jafnframt verði framkvæmt árangursmat á stofnunum þessum.

Líkt og kemur fram í greinargerð með tillögunni og sérstakri skýrslu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gerði um málefni meðferðarstofnana hér á landi er um fjölda stofnana að ræða sem hafa mismunandi hlutverkum að gegna. Hagsmunir ríkisins gagnvart stofnsetningu og rekstri slíkra úrræða er því umtalsverður. Því er ekki nema eðlilegt að hið opinbera geri ráðstafanir til að fá yfirsýn yfir þau úrræði sem um ræðir, tilgang þeirra, skjólstaðingahóp, innihald meðferð o.s.frv. Barnaverndarstofa styður því eindregið þá hugmynd að hrundið verði af stað framkvæmd þeirra hugmynda sem koma fram í þingsályktunartillögu þeirri sem óskað er umsagnar um.

Barnaverndarstofa hefur leitast við að láta meta árangur þeirra stofnana sem reknar eru á grunvelli barnaverndarlaga og hefur það byggt á hlutverki stofunnar um að hafa eftirlit með starfsemi þeirra. Til þessa hafa nokkrar athuganir farið fram og í öllum tilvikum hefur utanaðkomandi verið fenginn til að framkvæma árangursmatið. Barnaverndarstofa hefur í bígerð að gera fasta aðgerðaráætlun til að meta meðferð á þeim heimilum sem rekin eru á grundvelli 51. gr. barnaverndarlaga. Verði þingsályktunin að veruleika er nauðsynlegt að huga að því hvernig sú hugmynd sem þar er kynnt fellur að þessu verkefni eins og það er nú framkvæmt á vegum Barnaverndarstofu fyrir meðferðarstaði sem reknir eru á grundvelli 51. gr. bvl.


Barnaverndarstofa vill láta þess getið að stofan hefur mjög haldgóða yfirsýn yfir notkun allra þeirra meðferðarúrræða sem rekin eru á grundvelli bvl. enda fer stofan með yfirstjórn og eftirlit með þeim auk þess sem inntaka barna fer alfarið eftir ákvörðun Barnaverndarstofu sbr. 22. og 23. gr. reglugerðar um Barnaverndarstofu nr. 264/1995. Traustar upplýsingar um innlögn barna á heilbrigðisstofnanir, svo sem barnageðdeild og unglingadeild á Voggi liggja hins vegar ekki fyrir á einum og sama stað svo vitað sé.



Þegar málefni barna eru annars vegar liggur það í hlutarins eðli að vandi hejrra barna sem eru svo langt gengin í neyslu áfengis eða vímuefna að solarhringsmeðferð á stofnun þykir óhjákvæmileg er ástand sem varðar við ákvæði barnaverndarlaga, sbr. m.a. 22. gr. þeirra laga. Til þessa hefur það verið vissum vandkvæðum bundið að fá heilbrigðisstofnanir sem veita meðferð vegna áfengis- og fíkniefnavanda til að hafa þann skilning á starfi sínu að þeim beri að starfa að fullu og öllu í þessum anda, þ. á m. hvað varðar tilkynningaskyldu bvl, sbr. 13. gr. laganna. Rökrétt er að líta svo á að áfengis- og fíkniefnameðferð barns hlítur oftast en ekki að vera hluti af aðgerðaráætlun barnaverndarnefndar sbr. 19. gr. bvl að undangenginni könnun máls barns, sbr. 18. gr. bvl. Þar sem frekari ráðstafanir þurfa að koma til. Komi þingsályktunin til framkvæmda er það von Barnaverndarstofu að markvissar verði unnið að undirbúningi og stofnsetningu meðferðarúrræða fyrir börn en ella væri og þ. á m. lagt á ráðin um hvaða forræði er skynsamlegast að þær lúti.

Barnaverndarstofa biðst afsökunar á því að dráttur hefur orðið á því að stofan veitti umsögn sína sem kemur til vegna anna starfsmanna.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu


Guðjón Bjarnason